



## Fundargerð 16. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

**Staður og tími:** Zoom - þriðjudaginn 18. júlí kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Aðalsteinn Símonarson (AS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ),

**Mættur starfsmaður AKÍS:** Björgvin Jónsson (BJ),

**Mættir varamenn:**

**Fjarverandi aðalmenn:** Halldór Jóhannsson (HJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH),

**Fjarverandi varamenn:** Kolbrún Vignisdóttir (KV), Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Fjölmiðlamál

Á síðasta ársþingi komu fjölmiðlamál AKÍS til umræðu, og í framhaldinu var ekki einhugur innan stjórnar um þá stefnu sem sambandið tæki í þeim málum.

Eftir nokkra umræðu var ákveðið að skipa Ingimund Helgason og SIS til að leggja fram skýrar tillögur að nauðsynlegum breytingum á reglugerðum og lögum AKÍS varðandi fjölmiðlamál, s.s. upptökur og útsendingarrétt, og verði breytingarnar tímasettar. Tillögurnar verði kynntar fyrir stjórn ekki síðar en á síðari stjórnarfundu í september 2023 og málið verði tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á formannafundi í nóvember.

BJ mun vinna með þeim að þessu verkefni.

### 2. Barna- og unglingastarf / afreksstarf

TMP lagði til að JPJ og KV fari í að vinna tillögur um hvernig barna- og unglingastarf aðildarfélaga AKÍS gæti verið háttað til skemmri og lengri tíma. Stefnt væri á að þau kynni á tillögurnar á fyrri stjórnarfundu í október 2023 og þær verði síðan ræddar á formannafundi í nóvember. BJ vinni með þeim að þessu verkefni, en að öðru leyti kalla þau til þá sem þau telja sig þurfa til að ljúka verkinu.

Tillagan var samþykkt.

### 3. Fundur með afreksstjóra ÍSÍ

TMP hefur lagt fram punkta frá fundi með Vésteini Hafsteinssyni, sjá lið 2. í fundargerð síðasta stjórnarfundar.

### 4. FIA Immersion

Öllum aðildarfélögum var sendur tölvupóstur þar sem óskað var eftir tilnefningum frá þeim að aðilum í þetta verkefni. Engin viðbrögð bárust.

Ekki verður unnið frekar að málinu að sinni.



**5. Verkefnalisti stjórnar**

Farið stuttlega yfir listann en fáir hafa sett fram sína forgangsröðun. Stjórnarfolk hefur frest til sunnudagsins 23. júlí til að setja fram sínar áherslur.

**6. New FIA professional opportunities**

Lagt fram bréf dagsett 18. júlí 2023 frá FIA til aðildarfélaga um lausar stöður hjá FIA.

**7. Önnur mál**

**Fundargerð frá 2. júlí** - Í yfirskrift segir að þetta væri 13. fundur stjórnar en hann var í raun sá 15. Sá 13. var 6. júní.

BJ falið að leiðrétta þetta.

**Rising star hjá FIA** - Verkefnið hjá FIA sem rætt var undir 6. lið á síðasta stjórnarfundi er eingöngu fyrir stúlkur með keppnisreynslu í Go-Kart. Þar sem ekki er keppt í Go-Kart hérlandis höfum við ekki möguleika á að tilnefna fulltrúa að þessu sinni.

Næsti fundur verður haldinn að Engjavegi 6 og á Zoom, þriðjudaginn 8. ágúst kl. 19:30.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21.07